

Verkefni STJÓRNARFUNDUR VJÞ	Efni fundar 95.b. stjórnarfundur haldinn 14. mars 2016 símafundur	Síða 1 af 2	
Dags. fundar 14.mars 2016	Tími 11:30	Staður símafundur	Nr. Fundar 95b
Fundarboðandi	Fundarritari Ruth Magnúsdóttir	Dags. ritunar 14.03.16	
Fundarmenn Ármann Höskuldsson, Vilhjálmur Árnason, Björn Ingi Jónsson, Snorri Ingimarsson, Sigmundur Einarsson, Ásta Begga Ólafsdóttir, Ruth Magnúsdóttir, Óli Halldórsson, Guðrún Jónsdóttir, Þórður Ólafsson, framkvæmdastjóri.			
Boðuð forföll: Af aðalmönnum boðuðu forföll Heiða Guðný Ásgeirsdóttir, Guðmundur Hörður Guðmundsson			

Dagskrá: **DAGSKRÁ:**

1. Lög um Vatnajökulsþjóðgarð - drög
2. Önnur mál

Lög um Vatnajökulsþjóðgarð - drög

Farið var yfir drögin lið fyrir lið.

1.gr. Ekki athugasemdir

2.gr.

Fulltrúi SAMÚT leggur til að hætt verði við að fella eftirfarandi setningu úr 2. grein: „Auðvelda skal almenningi aðgengi að þjóðgarðinum eftir því sem unnt er án þess að náttúra hans spillist og veita fræðslu um náttúru, sögu og mannlíf svæðisins.“

Rökstuðningur: Við teljum í ljósi reynslu undanfarinna ára ekki ásættanlegt að draga úr lagaskyldu VJP um að auðvelda almenningi að þjóðgarðinum.

Fulltrúi SAMÚT leggur til að ný setning í 2. grein verði þannig: „Gefa almenningi kost á að kynnast og njóta náttúru og sögu svæðisins“. Þar með verði hætt við að fella út orðin „og njóta“.

Rökstuðningur: Við teljum í ljósi reynslu undanfarinna ára ekki ásættanlegt að dregið verði úr fyrri hugmyndum að ákvæðum um lagaskyldur VJP til að veita almenningi möguleika á að njóta náttúrunnar í VJP.

Varaformaður minnti á markmið verndunar þjóðgarðsins sé flokkur 2, sem tekur bæði til náttúruverndar og útivistar.

Stjórn óskar eftir því við ráðuneytið að það taki til skoðunar hvernig koma má betur fyrir útivistargildi garðsins í b lið.

II.kafli Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs.

4.gr. Ekki athugasemdir

5.gr. Ekki athugasemdir.

6.gr. Ekki athugasemdir.

7.gr. Ekki athugasemdir.

8.gr. liður 4. Stjórn óskar eftir að svæðisráð geri tillögu að ráðningu þjóðgarðsvarða til stjórnar.

8.c.4. Framkvæmdastjóri fari með yfirstjórn starfsmannamála. Taka út að hlutverk framkvæmdastjóra sé ráðning þjóðgarðsvarða og annara starfsmanna.

9.gr. Stjórn óskar eftir breytingu á þá leið að þjóðgarðsverðir verði ráðnir af framkvæmdastjóra að fengnu samþykki stjórnar þjóðgarðsins og að tillögu viðkomandi svæðisráðs. .

Vilhjálmur Árnason yfirgaf fundinn kl. 12:11

10.grein Stjórn vill taka út að þjóðgarðsvörður geri tillögu að ráðningu starfsfólks til framkvæmdastjóra. Í stað þess komi að þjóðgarðsvörður ráði annað starfsfólk í samráði við rekstrar- og fjárhagsáætlun.

6.liður. Bæta inn að rekstrar og framkvæmdaáætlanir verði unnar í samráði við svæðisráð og framkvæmdastjóra.

11.gr. Ekki athugasemd.

III.kafli Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs.

12.gr.

Fulltrúi SAMÚT leggur til að í 12. grein verði bætt við ákvæði þess efnis að svæðisráð geti lagt til breytingar á Stjórnunar og verndaráætlun sem stjórn verði þá skylt að taka til efnislegrar umfjöllunar. Þar með væri komið að hluta í veg fyrir að stjórn VJP gæti ein, og án rökstuðnings, staðið gegn breytingum á StjVe í allt að 10 ár.

Rökstuðningur: Samkvæmt gildandi lögum getur stjórn staðið gegn breytingum á Stjórnunar og verndaráætlun í allt að 10 ár, jafnvel þótt mikill vilji kunnir að koma fram utan stjórnar. Þær breytingar sem nú eru lagðar til gefa þar að auki kost á því að stækka þjóðgarðinn án þess að Stjórnar og verndaráætlunin sé opnuð. Hingað til hefur hún ekki verið opnuð nema í tengslum við stækkanir.

Stjórn beinir því til ráðuneytisins að tryggja þurfi að svæðisráð geti farið fram á breytingar á Stjórnunar og verndaráætlunar.

13.gr. Ekki athugasemd.

IV Kafli. Almennar meginreglur

14.gr. Ekki athugasemd.

15.gr.

Vatnajökulsþjóðgarður – Fundargerð Stjórnar

7.liður. Liggi landssvæði eða lífríki undir skemmdum. Breyta í: liggi náttúra eða menningarminjar undir skemmdum. Taka út að lokun sé í samráði við framkvæmdastjóra.

Fulltrúi SAMÚT leggur til að 15. gr. verði breytt þannig að sérstök ákvæði um akstur utan vega í þjóðgarðinum verði felld út eða þeim breytt til samræmis við ákvæði í Lögum um náttúruvernd.

Rökstuðningur: Í lögum um VJP eru þessi ákvæð sett fram sem neikvæð nálgun, allt er bannað nema það sé sérstaklega leyft. Í lögum um náttúruvernd er nálgunin jákvæð. Í nýjum lögum um náttúruvernd var þessum ákvæðum breytt talsvert og þar eru nú ýmsar undanþágur þar sem ákveðnar kvaðir hafa verið settar á mót. Við teljum óþarfa að vera með sérstök ákvæði í Lögum um Vatnajökulsþjóðgarð um atriði sem eru vel tiltekin í Lögum um náttúruvernd. Ef slík ákvæði verða áfram í lögum um VJP þarf að minnsta kosti að laga þau að nýjum breytingum í lögum um náttúruvernd.

Stjórn leggur til óbreytt orðalag.

3.liður. Athuga þarf orðaval.

15.gr b

Þjóðgarðsverði er heimilt að setja skilyrði fyrir leyfisveitinum sem nauðsynleg eru. Stjórn spyr hvort ekki þurfi nánari skýringar hér?

V.kafli Þjónusta í Vatnajökulsþjóðgarði

16.gr. Ekki athugasemd

18.gr. Ekki athugasemd

19.gr óbreytt

20.gr. Ekki athugasemd.

21.gr. Ekki athugasemd

22.gr. Ekki athugasemd

24.gr Ekki athugasemd.

Fulltrúi SAMÚT bókar að hann mótmælir því að í lögum skuli ekki gert ráð fyrir að fulltrúi Samút hafi atkvæðisrétt í stjórn.

Önnur mál

Næsti fundur stjórnar verður 12.apríl 2016.

Fundi slitið kl. 13:09

Verkefni ákveðin á fundinum:

Vatnajökulsþjóðgarður – Fundargerð Stjórnar



Dagsskrár liður nr.	Verkefni	Ábyrgð	Ljúkist fyrir
1			
2			
3			
4			
5			
6			